



# Menntaskólinn í Reykjavík

**Kennsluáætlun:** Enska 4. bekkur málabrautar – Haust 2019 – ENSK2OR09

**Kennarar:** Margrét Sara Guðjónsdóttir ([margretsara@mr.is](mailto:margretsara@mr.is))

**Markmið:** Að nemendur

- efli orðaforða sinn í ensku
- öðlist yfirsýn yfir málfræði enskrar tungu
- geti lesið enskar smásögur og skáldsögur í upphaflegri gerð á nútímamáli. Miðað er við sögur með tiltölulega einföldum söguþræði
- kynnist enskum bókmenntum frá ýmsum tímum, bæði í bundnu máli og óbundnu efli hlustunarskilning
- geti tjáð sig um dagleg málefni og þjálfist í því að tjá munnlega óhlutbundna hugsun, m.a. í tengslum við námsefni
- geti ritað stuttar ritgerðir um bækur sem hann les, skrifað sendibréf til ókunnugra og gert útdrætti úr lesnu efni.

**Kennslugögn:**

- **Enskir leskaflar handa nýja 4. bekk málabrautar** (fjölrit MR): bls.1-14.
- **Fields of Vision:** What is Poetry?( A1-A22), William Shakespeare (C44-C49), Romeo and Juliet ( C10-C17), Edgar Allan Poe (E96-E105), Mary Shelley (E88-E95) og e.t.v. fleira sem verður kynnt síðar.
- **Smásögur: Enskar smásögur handa nýjum 4. bekk** (fjölrit MR)
- **Ritgerðir og önnur skrifleg og munnleg verkefni**
- **Bækur:** *Of Mice and Men* by John Steinbeck
- **Skrifleg og munnleg verkefni**

**Námsmat:** 50% námseinkunn og 50% vorpróf.

Námseinkunn byggist á munnlegri frammistöðu, virkni í kennslustundum og ýmsum prófum á námstíma og skiptist þannig í lok skólaárs:

Ritunarverkefni- **10%**, *Of Mice and Men* – **15%**, *Animal Farm*– **15%**,

*The Importance of Being Earnest*- **10%**, *Fyrirlestur* – **10%**, Orðaforðapróf **10%**, FOV **5%**,

Hlustun **5%** og Ástundun – **20%**

**Athugið:** Almennar vinnureglur:

- Nemandi verður að hafa allar nauðsynlegar námsbækur meðferðis í hvern tíma.
- Mæti nemandi ítrekað bókarlaus eða án heimanáms verður honum vísað úr tíma.
- Mikilvægt er að nemendur séu virkir í tímum, en gæti sín á því að grípa ekki fram í hver fyrir öðrum.
- Sé nemandi tekinn upp í námsefni, skulu aðrir nemendur bíða með svör og spurningar þar til viðkomandi hefur svarað spurningum kennara um efnið.